

AUGLÝSING

37

13. apríl

um breyting, um stundarsakir, á allrahæstum úrskurði 29. desember 1924,
um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

Samkvæmt þegnlegum tillögum forsætisráðherra hefir Hans hátign konunginum 13. þ. m. allramildilegast þóknast að fyrirskipa nokkrar breytingar á allrahæstum úrskurði 29. desember 1924 um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl. á meðan að þeir eru ráðherrar alþingismennirnir Hermann Jónasson, Eysteinn Jónsson og Skúli Guðmundsson.

Starfaskiptingin breytist þannig:

Af þeim málum, sem samkvæmt konungsúrskurðinum heyra undir atvinnu- og samgöngumálaráðherra skulu landbúnaðarmál, þar undir löggjöf um afurðasölu landbúnaðarins innanlands, og vegamál, heyra undir forsætisráðherra Hermann Jónasson, sem jafnframt er dóms- og kirkjumálaráðherra, en hinsvegar skulu, af þeim málum, sem samkvæmt téðum úrskurði heyra undir dóms- og kirkjumálaráðherrann, heilbrigðismál heyra undir atvinnu- og samgöngumálaráðherra Skúla Guðmundsson.

Áfengisverzlun ríkisins skal áfram heyra undir fjármálaráðherra Eystein Jónsson.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 13. apríl 1938.

Hermann Jónasson.

AUGLÝSING

38

22. apríl

um að samningurinn sem prentaður er sem fylgiskjal með lögum nr. 76 21. desember 1937, um heimild fyrir ríkisstjórnina, til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í milliríkjasamningi 3. marz 1937, um slysabætur, sé í gildi genginn.

Fullgildingarskjal að samningi þeim, sem gerður var í Oslo þann 3. marz 1937 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um það, eftir hvaða lands slysatryggingarlögum skuli farið, ef svo vill til, að atvinnurekandi, búsettur í einhverju samningsríkjanna, hefir atvinnufyrirtæki eða verkamenn í þjónustu sinni í einhverju hinna ríkjanna, var, af Íslands hálfu, afhent í Oslo þann 16. marz 1938.

Samkvæmt 6. gr. samningsins hefir hann því gengið í gildi fyrir Ísland þann 17. marz 1938.

Hin samningsríkin afhentu fullgildingarskjöl sín þann 15. okt. f. á., og gekk því samningurinn í gildi, að því er þau snertir, þann 16. okt. 1937.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 22. apríl 1938.

Hermann Jónasson.